

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 7

Dags. 5.11.2009

Fundur í Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar

Fimmtudaginn 5. nóvember 2009

Mætt voru Ásvaldur Þormóðsson, Sigurður Skúlason, Hörður Benónýsson, Hlöðver P. Hlöðversson og Þórunn Jónsdóttir. Frá Verkfræðistofunni Mannvit mætti Per Langsöe

1. Tekið fyrir bréf undirritað af Elínu Jónasdóttur fyrir hönd eigenda Sílalækjar í Þingeyjarsveit um stofnun lóðar í landi Sílalækjar. Jafnframt að umrædd lóð verði tekin úr landbúnaðarnotum og skilgreind sem frístundalóð.

Afgreiðslu málsins frestað og málið skoðað í samráði við skipulagsstjóra sveitarfélagsins.

2. Tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Skóga í Fnjóskadal.

Landeigandi Svava Hermannsdóttir óskar eftir að meðfylgjandi tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Skóga Þingeyjarsveit, unnið hjá Búgarði Ráðgjafarþjónustu á Norðausturlandi, verknr. 09-101 dags: 16.04.09, verði tekið til afgreiðslu og auglýsingar hjá Þingeyjarsveit. Nefndin gerir ekki athugasemd við erindið og vísar því til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið.